



Umferðarslys á Íslandi 2024

Skýrsla um umferðarslys á Íslandi árið 2024

Efnisyfirlit

INNGANGUR	6
SKÝRINGAR.....	8
1 UMFERÐARSLYS Á ÍSLANDI – YFIRLIT	9
1.1 Slys og óhöpp eftir mánuðum 2024.....	9
1.2 Slasaðir og látnir eftir mánuðum 2024.....	10
1.3 Slys og óhöpp eftir árum 2015-2024	11
1.4 Slasaðir og látnir eftir árum 2015-2024	12
1.5 Samtals slys og óhöpp eftir mánuðum 2015-2024.....	13
1.6 Látnir í umferðarslysum 2024	14
1.7 Kort yfir banaslys á Íslandi 2024.....	15
2 SLYS OG SLASAÐIR EFTIR LANDSHLUTUM	16
2.1 Slys og slasaðir eftir landshlutum 2024.....	16
2.2 Slasaðir og látnir eftir landshlutum 2015-2024.....	20
2.3 Slasaðir og látnir á hverja 10.000 íbúa 2024.....	24
3 VEGIR OG GÖTUR.....	25
3.1 Hættulegustu gatnamót í þéttbýli.....	25
3.1.1 Gatnamót í þéttbýli með flest slys og óhöpp 2020-2024	25
3.1.2 Gatnamót í þéttbýli með flest slys með meiðslum 2020-2024.....	26
3.2 Hættulegustu veghlutar í dreifbýli m.v. lengd	28
3.2.1 Veghlutar í dreifbýli með flest slys og óhöpp m.v. lengd 2020-2024.....	28
3.2.2 Veghlutar í dreifbýli með flest slys með meiðslum m.v. lengd 2020-2024	29
3.3 Hættulegustu veghlutar í dreifbýli m.v. ekna kílómetra	31
3.3.1 Veghlutar í dreifbýli með flest slys og óhöpp m.v. ekna kílómetra 2020-2024	31
3.3.2 Veghlutar í dreifbýli með flest slys með meiðslum m.v. ekna kílómetra 2020-2024.....	32
4 DREIFBÝLI OG ÞÉTTBÝLI.....	34
4.1 Slys og slasaðir í þéttbýli og dreifbýli 2024	34
4.2 Hlutfall slysa í þéttbýli og dreifbýli 2015-2024	35
5 TÍMI SLYSA	36
5.1 Slys eftir vikudögum 2024.....	36
5.2 Slys eftir tíma sólarhrings 2024	37

6	ALDUR OG KYN	39
6.1	Aldur og kyn slasaðra	39
6.2	Aldur og kyn ökumanna	41
6.3	Slösuð börn	45
6.3.1	Stig meiðsla slasaðra barna	45
6.3.2	Kyn og aldur slasaðra barna	46
6.3.3	Vegfarendahópar slasaðra barna	47
6.4	Ungir ökumenn, 17-20 ára	50
6.5	Eldri ökumenn, 67 ára og eldri	52
7	BÚSETA	54
7.1	Fjöldi slasaðra og fjöldi ökumanna eftir búsetu 2024	54
7.2	Fjöldi slasaðra og fjöldi ökumanna eftir búsetu 2019-2023	55
7.3	Fjöldi slasaðra eftir búsetu 2024 m.v. 2019-2023 (Gröf)	56
7.4	Fjöldi ökumanna í slysum eftir búsetu 2024 m.v. 2019-2023 (Gröf)	57
8	ÞJÓÐERNI	58
8.1	Þjóðerni slasaðra	58
8.2	Þjóðerni ökumanna sem lenda í slysum og óhöppum	61
8.3	Slasaðir erlendir ferðamenn 2015-2024	64
8.4	Erlendir ferðamenn undir stýri sem lenda í slysum 2020-2024	68
8.5	Slasaðir erlendir ríkisborgarar búsettir á Íslandi 2015-2024	69
9	VEGFARENDAHÓPAR	71
9.1	Slasaðir og látnir eftir vegfarendahópum 2024	71
9.2	Slasaðir og látnir eftir vegfarendahópum 2015-2024	72
9.3	Reiðhjól og rafhjól	74
10	TEGUNDIR SLYSA	75
10.1	Tegundir slysa og óhappa 2024	75
10.2	Tegundir slysa með meiðslum 2015-2024	76
10.3	Tegundir banaslysa 2015-2024	77
11	ÖLVUNAR- OG FÍKNIEFNAAKSTUR	78
11.1	Slasaðir vegna ölvunaraksturs 2015-2024	78
11.2	Slasaðir vegna aksturs undir áhrifum fíkniefna 2015-2024	79
12	MARKMIÐ UMFERÐARÖRYGGISÁÆTLUNAR	80
13	KOSTNAÐUR VIÐ UMFERÐARSLYS	85
14	SAMANBURÐUR VIÐ NORÐURLÖND	86

Inngangur

Markviss skráning umferðarslysa hófst hér á landi árið 1966. Hugmyndin var sú að fá marktækan samanburð á slysatíðni fyrir og eftir árið 1968, þegar hægri umferð tók gildi. Umferðarráð var stofnað árið 1969 og var slysaskráningin í höndum þess allar götur fram til ársins 2002 þegar það var sameinað Skráningarstofnunni og úr varð Umferðarstofa. Í tíð Umferðarstofu (2002-2013) var starfi Umferðarráðs á vettvangi slysaskráningar haldið áfram og hefur Samgöngustofa nú tekið við keflinu. Tilgangurinn með skráningunni er sá að komast að því hvers konar slys eiga sér stað og hver vettvangurinn og aðstæðurnar eru. Þannig er hægt að nota upplýsingar úr skráningunni til forvarna og breyta og bæta vega- og gatnakerfi þar sem slysaþætta skapast.

Umferðarslysaskráning Samgöngustofu byggist á lögregluskýrslum sem fengnar eru úr gagnagrunni ríkislögreglustjóra. Í árdaga slysaskráningar voru skýrslurnar sendar til Umferðarráðs frá lögreglustjórum og sýslumönnum á pappírformi og skráðar. Árið 1992 varð breyting á tilhögun skráningar sem leiddi til þess að fleiri voru skráðir slasaðir. Þá hóf Umferðarráð að skrá öll umferðarslys á Íslandi, hvort sem um erlenda eða íslenska ríkisborgara var að ræða. Eftir sem áður eru slys Íslendinga í útlöndum ekki skráð í slysaskrána. Lögregluskýrslurnar hafa verið færðar yfir í gagnagrunn slysaskráningarinnar með stafrænum hætti frá árinu 1998 og frá þeim tíma hefur skráningin verið nákvæmari en áður var. Frá árinu 2007 hafa öll slys verið hnitskráð og frá árinu 2009 hefur verið stuðst við skýrslur frá Aðstoð og Öryggi, sem er verktaki á vegum tryggingafélaganna, samhliða skýrslum lögreglunnar.

Þegar meiðsli verða á fólki í umferðarslysum er ávallt skylt að kalla til lögreglu. Í skráningu Samgöngustofu er meiðslum síðan skipt í tvo flokka, lítil meiðsl og mikil meiðsl. Skilgreining á mati á meiðslum má sjá í kaflanum Skýringar. Vegfarandi telst ekki slasaður nema hann hafi með sannanlegum hætti verið fluttur á sjúkrahús, heilsugæslustöð eða undir læknishendur með sjúkrabifreið, lögreglubifreið, þyrilu eða hann komi til lögreglu og gefi skýrslu um að hann hafi leitað lækniáðstoðar vegna meiðsla.

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á umferðarslysum sýna að hin opinbera skráning nær ekki til allra þeirra sem slasast hafa í umferðinni. Mismunandi er eftir vegfarendahópum hve margir slasaðir eru skráðir en sérstaklega má gera ráð fyrir að slys á hjóleiðamönnum séu vanskráð. Umferðarslys eru stundum tilkynnt til lækna eða sjúkrastofnana en ekki lögreglu. Skiptir þá miklu hver alvarleiki meiðslanna er og má gera ráð fyrir að þeir sem slasast lítið tilkynni það síður til lögreglu. Stundum kemur fyrir að ökumenn vilja af ýmsum ástæðum ekki tilkynna slys til lögreglu. Sem dæmi um ástæður þess má taka akstur á stolinni bifreið, akstur undir áhrifum áfengis, akstur án ökuréttinda en einnig vanmat á eðli meiðsla.

Það má gera ráð fyrir að slys þar sem meiðsl eru lítil séu vanskráð í hinni opinberu skráningu. Staðreyndin er að sjúkrastofnanir og tryggingafélög skrá mun fleiri minni háttar meiðsl af völdum umferðarslysa en fram kemur í skráningu Samgöngustofu.

Banaslys í umferð er skilgreint þannig að látist maður af völdum áverka sem hann hlýtur í umferðarslysi innan 30 daga frá því að slysið á sér stað þá telst hann hafa látist vegna umferðarslyss. Samanburður á fjölda banaslysa og látinna er í raun það eina sem hægt er að bera saman við önnur lönd af fullu öryggi. Skilgreining á banaslysi fer ekki á milli mála, sama hvert í heiminn er litið og öruggt er að sá látni er skráður í opinberri skráningu.

Í kjölfar heimsfaraldurs hafa slysatölur hækkað ár frá ári og má skýra þá þróun annars vegar með því að erlendir ferðamenn eru komnir aftur til landsins og hafa náð svipuðum hæðum og hæst var fyrir heimsfaraldurinn og hins vegar hafa fararmátar okkur orðið fjölbreyttari og þeirri breytingu hefur fylgt fjöldi slysa, sérstaklega þegar kemur að rafhlaupahjólum. Auk þessara skýringa má segja að okkur hafi ekki tekist að bæta hegðun og viðhorf íslenskra ökumanna þegar kemur að umferðinni og ljóst að ökumenn þurfa einnig að líta inn á við ef við ætlum að ná slysatölum niður á ný.

Árið 2024 var ekki gott ár í umferðinni. Látnum fjölgaði talsvert, úr 8 í 13 og er þetta í fyrsta sinn síðan 2018 sem 10 eða fleiri létust í umferðinni á einu ári. Árið byrjaði skelfilega og létust 7 manns í janúarmánuði. Blessunarlega var það þó ekki fyrirboði um það sem koma skyldi og létust 6 manns síðustu 11 mánuði ársins. Í alþjóðlegum samanburði þýðir þessi aukning að við erum í 12. sæti árið 2024 hvað varðar fjölda látinna m.v. höfðatölu innan Evrópu. Hins vegar búum við almennt við miklar sveiflur milli ára og miðum við því alltaf við fimm ára meðaltal þegar kemur að þessum samanburði. Þegar síðustu fimm ár eru skoðuð þá er Ísland í þriðja sæti sem er innan þeirra markmiða sem við höfum sett okkur (að vera í hópi fimm bestu Evrópuþjóða hvað þetta varðar).

Alvarlega slösuðum fækkar úr 229 í 228 en þar sem látnum fjölgar milli ára þá hækkar summa látinna og alvarlega slasaðra úr 237 í 241 og er það það mesta sem hefur verið á þessari öld. Samkvæmt markmiðum

umferðaröryggisáætlunar þá ætti þessi tala ekki að vera hærri en 158 og er því ljóst að við erum víðs fjarri að ná markmiðum okkar hvað þetta varðar. Lítið slösuðum fjölgar eilítið, úr 1136 í 1140 og eykst því heildarfjöldi slasaðra og látinna úr 1373 í 1381.

Árið 2024 létust 13 einstaklingar í 10 banaslysum. Þar á meðal voru þrír erlendir ferðamenn og tíu Íslendingar. Níu karlmenn létust og fjórar konur. Sá yngsti sem lést var 19 ára og sá elsti sjötugur. Einn fótgangandi lést, einn ökumaður dráttarvélar og einn ökumaður bifhjóls en aðrir létust sem ökumenn eða farþegar í fólksbifreiðum og sendibifreiðum. Þess má geta að í þessum 10 banaslysum komu við sögu 17 ökutæki og var öllum þeirra ekið af karlmönnum.

Slæmir vegkaflar og slæm gatnamót eru skoðuð í kafla 3. Flest slys og óhöpp verða á gatnamótum Miklubrautar og Grensásvegjar. Þar á eftir koma annars vegar hringtorgið í Hafnarfirði þar sem mætast Flatahraun, Fjarðarhraun og Bæjarhraun og hins vegar gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Fjórðu slysamestu gatnamótin er svo hringtorg þar sem mætast Reykjanesbraut, Lækjargata og Hlíðarberg í Hafnarfirði en þar á eftir koma gatnamót Háaleitisbrautar og Miklubrautar sem og gatnamót Hringbrautar og Njarðargötu. Þegar kemur að slysum með meiðslum eru gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar með flest slys. Þar á eftir eru svo gatnamót Miklubrautar og Grensásvegjar og því næst gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegjar. Utanbæjar verða flest slysin á helstu stofnleiðum út frá höfuðborgarsvæðinu enda er umferðin mest þar.

Íbúar Borgarness slasast langmest í umferðinni þegar skoðaður er fjöldi slasaðra sem búa í stærstu þéttbýlisstöðunum m.v. íbúafjölda á viðkomandi stað. Einnig lenda ökumenn frá Borgarnesi í langflestum umferðarslysum með meiðslum m.v. höfðatölu. Þess ber þó að geta að miklar sveiflur eru í þessum tölum og hefur Borgarnes aldrei verið sérstaklega áberandi í þessum tölum fyrr en núna. Ef skoðaðir eru landshlutar er nokkuð misjafn fjöldi slasaðra m.v. íbúafjölda og nær sú tala allt frá 2,1 slösuðum á hverja 1000 íbúa á Norðurlandi vestra að 3,6 á Norðurlandi eystra. Ef 2024 er borið saman við næstu fimm ár á undan (2019-2023) þá sést sams konar mynstur, þ.e. að slysum meðal íbúa á Norðurlandi eystra fjölga mest en fækkunin er mest meðal íbúa Norðurlands vestra. Nánar má sjá um slasaða og ökumenn út frá búsetu þeirra í kafla 7.

Slösuðum á raf- og reiðhjólum fækkar talsvert á milli ára annað árið í röð en sú tala náði hámarki árið 2022. Er fjöldi þeirra nú 188 slasaðir m.v. 247 árið áður. Ef þessum tölum er skipt upp eftir ökutækisgerðum þá fækkar slösuðum á reiðhjólum úr 88 í 68 á milli ára eða um 23% og slösuðum á rafhlaupahjólum fækkar úr 132 í 102, einnig um 23%.

Slösuðum af völdum ölvunaraksturs fjölga lítillega á milli ára (úr 55 í 57) og sömuleiðis hækka fjöldi alvarlega slasaðra vegna ölvunar undir stýri úr 7 í 10 en árið 2024 lést enginn af völdum ölvunaraksturs annað árið í röð. Slösuðum vegna fíkniefnaaksturs fækkar á milli ára úr 43 í 41 og alvarlega slösuðum vegna fíkniefnaaksturs fækkar úr sex í fjóra. Einn lést vegna fíkniefnaneyslu við akstur m.v. tvo árið áður.

Slysamarkmið umferðaröryggisáætlunar má sjá í kafla 12. Þar sést að við náðum ekki yfirmarkmiðinu um 5% fækkun látinna og alvarlega slasaðra á ári og erum við 53% yfir þeim markmiðum. Markmiðið var 158 en niðurstaðan var 241 alvarlega slasaðir og látinn.

Af ellefu undirmarkmiðum náðum við aðeins tveimur; látnir í bíl án öryggisbelta og látin börn. Af þeim markmiðum sem náðust ekki er áberandi markmiðið um að fækka alvarlega slösuðum á raf- og reiðhjólum. Þau markmið voru sett áður en rafhlaupahjól komu til sögunnar og er því ljóst að við næstu endurskoðun markmiða þarf að taka tillit til þessa. Einnig er áberandi hversu langt við erum frá því að ná markmiðum okkar um að fækka alvarlega slösuðum erlendum ríkisborgurum búsettum á Íslandi. Þeim hefur vissulega fjölgað nokkuð skart á undanförunum árum en það þýðir aðeins að við þurfum að setja meiri kraft í að ná niður slysum á þessum hóp samfélagsins. Nánar má sjá um markmiðin í kafla 12.

Til glöggvunar eru hér fyrir aftan birtar nokkrar skýringar sem notaðar hafa verið við skráninguna og voru á sínum tíma teknar saman af Framkvæmdanefnd hægri umferðar er hún hóf söfnun upplýsinga um umferðarslys árið 1967. Jafnframt er skýrð alþjóðleg flokkun á slysum með meiðslum.

Skýringar

Umferðarslys:

Umferðarslys er það óhapp sem a.m.k. eitt ökutæki á hreyfingu á aðild að og á sér stað á opinberum vegi, einkavegi eða svæði sem opið er almennri umferð.

Vegur:

Vegur, gata, götuslóði, torg, brú, húsasund, stígur eða þess háttar sem notað er til almennrar umferðar. Hér talið til vegar: Almennt bifreiðastæði, bryggja, bensínstöð o.þ.h.

Vegfarandi:

Maður sem fer um veg eða er staddur á vegi eða í ökutæki á vegi.

Ökutæki:

Tæki sem aka má á hjólum, beltum, völtum eða meiðum og eigi rennur á spori.

Vélknúð ökutæki:

Sérhvert tæki með aflvél til að knýja það áfram. Þar á meðal dráttarvélar og vinnuvélar sem eru þannig gerðar. Slys sem dráttarvél eða vinnuvél á hlut að er í þessari skráningu aðeins talið umferðarslys hafi slysið orðið er vélin var notuð til aksturs á vegi sem opinn var til almennrar umferðar.

Þéttbýli - dreifbýli:

Samkvæmt umferðarlögum er annar hámarkshraði leyfður í þéttbýli en utan þéttbýlis og er þetta víðast hvar gefið til kynna með umferðarmerkjum á mörkum þéttbýlis. Við þessi mörk hefur yfirleitt verið miðað í skráningunni.

Banaslys:

Maður telst látinn af völdum umferðarslyss ef hann deyr af afleiðingum þess innan 30 daga.

Slys með meiðslum:

Mikil meiðsl:

Beinbrot, heilahristingur, innvortis meiðsl, kramin líffæri, alvarlegir skurðir og rifnir vefir, alvarlegt lost (taugaáfall) sem þarfnast lækni meðferðar og sérhver önnur alvarleg meiðsl sem hafa í för með sér nauðsynlega dvöl á sjúkrahúsi.

“Serious injuries – Fractures, concussion, internal lesions, crushing, severe cuts and laceration, severe general shock requiring medical treatment and any other serious lesions entailing detention in hospital.”
(Economic Commission for Europe, Geneva)

Lítil meiðsl:

Annars flokks meiðsl, svo sem tognun, liðskekkja eða mar. Fólk sem kvartar um lost (taugaáfall) en hefur ekki orðið fyrir öðrum meiðslum, ber ekki að telja nema það hafi greinileg einkenni losts (taugaáfalls) og hafi hlotið lækni meðferð samkvæmt því.



“Slight injuries – Secondary injuries such as sprains or bruises. Persons complaining of shock, but who have not sustained other injuries should not be considered in the statistics as having been injured unless they show very clear symptoms of shock and have received medical treatment or appeared to require medical attention”. (Economic Commission for Europe, Geneva)

Flokkun á slysum með meiðslum er alþjóðleg flokkun ECE sbr. skýringar hér að ofan.

1 Umferðarslys á Íslandi – Yfirlit

1.1 Slys og óhöpp eftir mánuðum 2024


	Banaslys	Alvarleg slys	Slys með litlum meiðslum	Samtals slys með meiðslum	Óhöpp án meiðsla	Samtals slys og óhöpp
janúar	5	8	73	86	695	781
febrúar	0	4	52	56	623	679
mars	1	11	48	60	496	556
apríl	1	10	64	75	522	597
maí	0	13	59	72	584	656
júní	1	22	62	85	624	709
júlí	0	28	63	91	602	693
ágúst	0	21	60	81	515	596
september	2	25	53	80	507	587
október	0	19	78	97	688	785
nóvember	0	12	62	74	673	747
desember	0	9	79	88	741	829
Samtals	10	182	753	945	7270	8215




1.2 Slasaðir og látnir eftir mánuðum 2024

	Látnir	Alvarlega slasaðir	Lítið slasaðir	Slasaðir og látnir samtals
janúar	7	17	112	136
febrúar	0	4	77	81
mars	1	13	85	99
apríl	2	11	91	104
maí	0	17	95	112
júní	1	34	98	133
júlí	0	29	96	125
ágúst	0	21	76	97
september	2	26	69	97
október	0	23	124	147
nóvember	0	19	97	116
desember	0	14	120	134
Samtals	13	228	1140	1381

Slasaðir eftir mánuðum 2024





Alvarlega slasaðir og látnir eftir mánuðum 2024





1.3 Slys og óhöpp eftir árum 2015-2024

	Banaslys	Alvarleg slys	Slys með litlum meiðslum	Samtals slys með meiðslum	Óhöpp án meiðsla	Samtals slys og óhöpp
2015	16	155	741	912	5500	6412
2016	18	183	785	986	5801	6787
2017	13	156	783	952	5870	6822
2018	15	155	698	868	6314	7182
2019	6	140	624	770	5849	6619
2020	7	131	589	727	4777	5504
2021	8	183	682	873	5585	6458
2022	9	181	714	904	6267	7171
2023	8	201	768	977	6745	7722
2024	10	182	753	945	7270	8215
Meðaltal	11	167	714	891	5998	6889



1.4 Slasaðir og látnir eftir árum 2015-2024


	Látnir	Alvarlega slasaðir	Lítið slasaðir	Slasaðir og látnir samtals
2015	16	178	1130	1324
2016	18	215	1196	1429
2017	16	189	1182	1387
2018	18	183	1088	1289
2019	6	182	948	1136
2020	8	149	858	1015
2021	9	199	954	1162
2022	9	195	926	1130
2023	8	229	1136	1373
2024	13	228	1140	1381
Meðaltal	12,1	195	1056	1263




1.5 Samtals slys og óhöpp eftir mánuðum 2015-2024

	Banaslys	Alvarleg slys	Slys með litlum meiðslum	Samtals slys með meiðslum	Óhöpp án meiðsla	Samtals slys og óhöpp
janúar	13	99	570	682	5642	6324
febrúar	6	83	533	622	5552	6174
mars	6	101	507	614	5102	5716
apríl	8	98	462	568	3941	4509
maí	7	153	561	721	4342	5063
júní	16	178	629	823	4751	5574
júlí	9	182	621	812	4700	5512
ágúst	5	199	676	880	4813	5693
september	9	191	602	802	4881	5683
október	8	140	683	831	5316	6147
nóvember	11	139	639	789	5199	5988
desember	12	104	654	770	5739	6509
Samtals	110	1667	7137	8914	59978	68892

Slys með meiðslum eftir mánuðum 2015 - 2024



Alvarleg slys og banaslys eftir mánuðum 2015 - 2024




1.6 Látin í umferðarslysum 2024



65 ára karlmaður Ökumaður sendibífreiddar Grindavíkurvegur	63 ára kona Farþegi sendibífreiddar Grindavíkurvegur	52 ára karlmaður Farþegi fólksbífreiddar Suðurlandsvegur vestan við Skaftafell
37 ára kona Farþegi fólksbífreiddar Suðurlandsvegur vestan við Skaftafell	70 ára karlmaður Ökumaður fólksbífreiddar Vesturlandsvegur, gatnamót við Hvalfjarðarveg	65 ára karlmaður Ökumaður dráttarvélar Suðurlandsvegur vestan við Pétursey
33 ára karlmaður Ökumaður fólksbífreiddar Reykjanesbraut við Straumsvík	19 ára karlmaður Ökumaður bifhjóls Heiðmerkurvegur	28 ára karlmaður Ökumaður fólksbífreiddar Eyjafjarðarbraut eystri
23 ára kona Farþegi fólksbífreiddar Eyjafjarðarbraut eystri	24 ára karlmaður Ökumaður fólksbífreiddar Norðurárdalur, norðan við Hraunsnef	34 ára karlmaður Ökumaður fólksbífreiddar Skagavegur við Fossá
37 ára kona Fótgangandi Sæbraut við Súðarvog		

1.7 Kort yfir banaslys á Íslandi 2024

Sjá nánar á www.samgongustofa.is/slysakort



2 Slys og slasaðir eftir landshlutum

2.1 Slys og slasaðir eftir landshlutum 2024


Höfuðborgarsvæðið

	Banaslys	Alvarleg slys	Slys með litlum meiðslum	Samtals slys með meiðslum	Óhöpp án meiðsla	Samtals slys og óhöpp	Látnir	Alvarlega slasaðir	Lítið slasaðir	Samtals slasaðir og látnir
Reykjavík	1	44	236	281	3493	3774	1	44	312	357
Seltjarnarnes	0	0	2	2	31	33	0	0	2	2
Kópavogur	0	12	41	53	755	808	0	12	49	61
Garðabær	0	6	35	41	346	387	0	6	47	53
Hafnarfjörður	0	5	43	48	548	596	0	5	59	64
Álfarnes	0	0	1	1	7	8	0	0	2	2
Mosfellsbær	0	5	17	22	177	199	0	5	22	27
Höfuðborgarsvæðið utanbæjar	2	8	29	39	104	143	2	10	61	73
Höfuðborgarsvæðið samtals	3	80	404	487	5461	5948	3	82	554	639


Suðurnes

	Banaslys	Alvarleg slys	Slys með litlum meiðslum	Samtals slys með meiðslum	Óhöpp án meiðsla	Samtals slys og óhöpp	Látnir	Alvarlega slasaðir	Lítið slasaðir	Samtals slasaðir og látnir
Vogar	0	0	0	0	3	3	0	0	0	0
Reykjanesbær	0	5	27	32	184	216	0	5	41	46
Grindavík	0	1	0	1	0	1	0	1	0	1
Sandgerði	0	0	0	0	3	3	0	0	0	0
Garður	0	0	3	3	4	7	0	0	3	3
Suðurnes utanbæjar	1	5	28	34	81	115	2	5	43	50
Suðurnes samtals	1	11	58	70	275	345	2	11	87	100

Fjöldi slasaðra á Höfuðborgarsvæðinu



Fjöldi slasaðra á Suðurnesjum




Vesturland

	Banaslys	Alvarleg slys	Slys með litlum meiðslum	Samtals slys með meiðslum	Óhöpp án meiðsla	Samtals slys og óhöpp	Látnir	Alvarlega slasaðir	Lítið slasaðir	Samtals slasaðir og látnir
Akranes	0	0	4	4	40	44	0	0	4	4
Borgarnes	0	1	3	4	19	23	0	1	5	6
Hvanneyri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Stykkishólmur	0	0	0	0	5	5	0	0	0	0
Grundarfjörður	0	0	1	1	1	2	0	0	1	1
Ólafsvík	0	0	0	0	4	4	0	0	0	0
Hellissandur / Rif	0	0	0	0	1	1	0	0	0	0
Búðardalur	0	0	0	0	1	1	0	0	0	0
Vesturland utanbæjar	2	7	55	64	129	193	2	13	101	116
Vesturland samtals	2	8	63	73	200	273	2	14	111	127


Vestfirðir

	Banaslys	Alvarleg slys	Slys með litlum meiðslum	Samtals slys með meiðslum	Óhöpp án meiðsla	Samtals slys og óhöpp	Látnir	Alvarlega slasaðir	Lítið slasaðir	Samtals slasaðir og látnir
Ísafjörður	0	0	3	3	14	17	0	0	4	4
Hnífsdalur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Bolungarvík	0	0	0	0	2	2	0	0	0	0
Súðavík	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flateyri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Suðureyri	0	0	0	0	1	1	0	0	0	0
Patreksfjörður	0	0	1	1	0	1	0	0	1	1
Tálknafjörður	0	0	0	0	1	1	0	0	0	0
Bíldudalur	0	0	1	1	1	2	0	0	1	1
Þingeyri	0	2	0	2	0	2	0	2	0	2
Hólmavík	0	0	0	0	2	2	0	0	0	0
Drangsnæs	0	0	0	0	2	2	0	0	0	0
Vestfirðir utanbæjar	0	4	10	14	22	36	0	4	20	24
Vestfirðir samtals	0	6	15	21	45	66	0	6	26	32

Fjöldi slasaðra á Vesturlandi



Fjöldi slasaðra á Vestfirðum




Norðurland vestra

	Banaslys	Alvarleg slys	Slys með litlum meiðslum	Samtals slys með meiðslum	Óhöpp án meiðsla	Samtals slys og óhöpp	Látnir	Alvarlega slasaðir	Lítið slasaðir	Samtals slasaðir og látnir
Hvammstangi	0	0	0	0	2	2	0	0	0	0
Laugarbakki	0	0	0	0	1	1	0	0	0	0
Blönduós	0	0	0	0	7	7	0	0	0	0
Skagaströnd	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Sauðárkrúkur	0	0	4	4	14	18	0	0	5	5
Varmahlíð	0	0	0	0	1	1	0	0	0	0
Hofsós	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Siglufjörður	0	1	1	2	7	9	0	2	2	4
Norðurland vestra utanbæjar	1	8	25	34	100	134	1	13	50	64
Norðurland vestra samtals	1	9	30	40	132	172	1	15	57	73


Norðurland eystra

	Banaslys	Alvarleg slys	Slys með litlum meiðslum	Samtals slys með meiðslum	Óhöpp án meiðsla	Samtals slys og óhöpp	Látnir	Alvarlega slasaðir	Lítið slasaðir	Samtals slasaðir og látnir
Akureyri	0	14	33	47	225	272	0	14	47	61
Grenivík	0	0	2	2	0	2	0	0	2	2
Grimsey	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Árskógssandur	0	2	0	2	0	2	0	2	0	2
Svalbarðseyri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Dalvík	0	0	0	0	8	8	0	0	0	0
Ólafsfjörður	0	0	0	0	4	4	0	0	0	0
Húsavík	0	0	2	2	7	9	0	0	4	4
Laugar	0	0	1	1	2	3	0	0	2	2
Reykjahlið	0	0	0	0	2	2	0	0	0	0
Kópasker	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Raufarhöfn	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Þórshöfn	0	1	0	1	0	1	0	1	0	1
Bakkafjörður	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Norðurland eystra utanbæjar	1	5	37	43	89	132	2	17	60	79
Norðurland eystra samtals	1	22	75	98	337	435	2	34	115	151

Fjöldi slasaðra á Norðurlandi vestra



Fjöldi slasaðra á Norðurlandi eystra




Austurland

	Banaslys	Alvarleg slys	Slys með litlum meiðslum	Samtals slys með meiðslum	Óhöpp án meiðsla	Samtals slys og óhöpp	Látnir	Alvarlega slasaðir	Lítið slasaðir	Samtals slasaðir og látnir
Vopnafjörður	0	0	0	0	2	2	0	0	0	0
Egilsstaðir	0	1	0	1	21	22	0	1	0	1
Seyðisfjörður	0	0	0	0	3	3	0	0	0	0
Borgarfjörður Eystri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Reyðarfjörður	0	0	1	1	4	5	0	0	1	1
Eskifjörður	0	0	2	2	5	7	0	0	2	2
Neskaupstaður	0	1	0	1	17	18	0	1	0	1
Fáskrúðsfjörður	0	0	0	0	1	1	0	0	0	0
Stöðvarfjörður	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Breiðdalsvík	0	0	0	0	1	1	0	0	0	0
Djúpivogur	0	0	0	0	4	4	0	0	0	0
Austurland utanbæjar	0	5	19	24	133	157	0	5	28	33
Austurland samtals	0	7	22	29	191	220	0	7	31	38


Suðurland

	Banaslys	Alvarleg slys	Slys með litlum meiðslum	Samtals slys með meiðslum	Óhöpp án meiðsla	Samtals slys og óhöpp	Látnir	Alvarlega slasaðir	Lítið slasaðir	Samtals slasaðir og látnir
Selfoss	0	1	12	13	120	133	0	1	16	17
Hveragerði	0	1	3	4	11	15	0	1	3	4
Þorlákshöfn	0	1	0	1	13	14	0	1	1	2
Eyrarbakki	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Stokkseyri	0	0	0	0	1	1	0	0	0	0
Laugarás	0	0	1	1	1	2	0	0	1	1
Reykholt (Biskupstungum)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Laugarvatn	0	0	0	0	1	1	0	0	0	0
Flúðir	0	0	1	1	2	3	0	0	1	1
Hella	0	0	0	0	7	7	0	0	0	0
Hvolsvöllur	0	0	0	0	9	9	0	0	0	0
Vík	0	0	0	0	17	17	0	0	0	0
Kirkjubæjarklaustur	0	0	0	0	2	2	0	0	0	0
Höfn	0	0	2	2	14	16	0	0	2	2
Vestmannaeyjar	0	2	6	8	29	37	0	2	6	8
Suðurland utanbæjar	2	34	61	97	401	498	3	54	129	186
Suðurland samtals	2	39	86	127	628	755	3	59	159	221

Fjöldi slasaðra á Austurlandi



Fjöldi slasaðra á Suðurlandi



2.2 Slasaðir og látnir eftir landshlutum 2015-2024


Höfuðborgarsvæðið

	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	Samtals
Reykjavík	343	356	380	330	318	248	319	338	363	357	3352
Seltjarnarnes	4	3	3	2	6	2	5	1	9	2	37
Kópavogur	67	68	71	62	43	71	74	61	71	61	649
Garðabær	46	30	50	45	28	24	41	37	39	53	393
Hafnarfjörður	60	69	58	50	43	52	32	52	51	64	531
Álfanes	0	1	1	3	0	2	1	2	2	2	14
Mosfellsbær	11	14	19	17	15	15	27	15	17	27	177
Höfuðborgarsvæðið utanbæjar	59	55	56	71	51	60	49	41	52	73	567
Höfuðborgarsvæðið samtals	590	596	638	580	504	474	548	547	604	639	5720

Suðurnes

	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	Samtals
Vogar	0	0	1	1	0	0	1	0	1	0	4
Reykjanesbær	45	66	32	35	25	27	42	46	56	46	420
Grindavík	8	2	7	9	4	9	5	3	3	1	51
Sandgerði	0	0	0	0	4	0	1	0	3	0	8
Garður	1	3	1	1	1	1	2	2	0	3	15
Suðurnes utanbæjar	53	62	61	49	33	39	47	47	49	50	490
Suðurnes samtals	107	133	102	95	67	76	98	98	112	100	988

Slasaðir og látnir eftir árum




Vesturland

	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	Samtals
Akranes	2	4	3	8	8	14	4	2	5	4	54
Borgarnes	5	2	2	7	0	1	3	2	1	6	29
Hvanneyri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Stykkishólmur	0	0	0	4	0	0	1	1	1	0	7
Grundarfjörður	1	0	1	0	0	0	0	1	2	1	6
Ólafsvík	0	1	1	1	4	1	0	0	1	0	9
Hellissandur / Rif	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	1
Búðardalur	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1
Vesturland utanbæjar	100	122	109	101	99	73	78	63	78	116	939
Vesturland samtals	108	130	116	121	112	89	86	69	88	127	1046

Vestfirðir

	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	Samtals
Ísafjörður	2	0	1	2	0	4	0	3	1	4	17
Hnífsdalur	0	0	2	0	3	0	0	0	1	0	6
Bolungarvík	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Súðavík	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	1
Flateyri	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1
Suðureyri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Patreksfjörður	2	2	0	1	0	0	0	0	1	1	7
Tálknafjörður	0	0	0	0	0	0	1	1	0	0	2
Bíldudalur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	1
Þingeyri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	2
Hólmavík	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	1
Drangnes	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Vestfirðir utanbæjar	23	32	31	31	22	28	20	30	22	24	263
Vestfirðir samtals	27	35	34	35	25	32	21	35	25	32	301

Slasaðir og látnir eftir árum




Norðurland vestra

	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	Samtals
Hvammstangi	0	1	0	0	0	0	1	0	0	0	2
Laugarbakki	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Blönduós	0	0	0	3	0	1	1	1	1	0	7
Skagaströnd	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2
Sauðárkrúkur	4	4	2	4	3	5	0	3	4	5	34
Varmahlíð	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hofsós	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Siglufjörður	2	1	1	0	1	2	0	2	0	4	13
Norðurland vestra utanbæjar	59	67	64	45	34	34	55	43	85	64	550
Norðurland vestra samtals	67	73	67	52	38	42	57	49	90	73	608

Norðurland eystra

	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	Samtals
Akureyri	46	65	62	47	52	41	65	49	57	61	545
Grenivík	0	0	0	0	0	1	1	0	1	2	5
Grimsey	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	1
Árskógssandur	0	0	3	0	0	0	0	0	0	2	5
Svalbarðseyri	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	1
Dalvík	1	3	1	3	0	0	1	2	4	0	15
Ólafsfjörður	0	3	0	2	0	0	0	0	1	0	6
Húsavík	0	2	0	2	1	1	1	2	4	4	17
Laugar	0	0	0	0	0	0	0	1	0	2	3
Reykjahlíð	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Kópasker	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Raufarhöfn	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Þórshöfn	0	0	0	0	1	0	1	0	0	1	3
Bakkafjörður	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Norðurland eystra utanbæjar	84	80	92	72	53	76	65	51	69	79	721
Norðurland eystra samtals	131	153	158	126	107	120	134	106	136	151	1322

Slasaðir og látnir eftir árum




Austurland

	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	Samtals
Vopnafjörður	1	1	0	0	0	0	0	0	0	0	2
Egilsstaðir	2	2	3	1	4	4	6	5	1	1	29
Seyðisfjörður	0	0	0	0	1	0	1	0	0	0	2
Borgarfjörður Eystri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Reyðarfjörður	1	0	0	0	2	0	1	2	2	1	9
Eskifjörður	1	1	0	1	0	1	0	1	0	2	7
Neskaupstaður	5	2	4	1	6	4	1	6	1	1	31
Fáskrúðsfjörður	0	0	0	1	0	1	1	0	1	0	4
Stöðvarfjörður	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Breiðdalsvík	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Djúpivogur	0	0	0	0	0	0	0	1	1	0	2
Austurland utanbæjar	52	47	47	54	32	22	31	39	49	33	406
Austurland samtals	62	53	54	58	45	32	41	54	55	38	492

Suðurland

	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	Samtals
Selfoss	30	16	15	21	25	30	25	21	25	17	225
Hveragerði	3	4	0	5	2	1	1	9	3	4	32
Þorlákshöfn	0	1	2	0	0	2	0	0	2	2	9
Eyrarbakki	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Stokkseyri	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0	3
Laugarás	0	0	1	0	0	0	0	0	0	1	2
Reykholt (Biskupstungum)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Laugarvatn	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	1
Flúðir	0	0	0	0	0	0	0	1	0	1	2
Hella	0	2	3	0	2	0	0	0	1	0	8
Hvolsvöllur	0	1	1	0	0	1	0	0	2	0	5
Vík	0	0	1	0	0	0	0	2	0	0	3
Kirkjubæjarklaustur	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1
Höfn	3	3	4	2	3	0	4	2	7	2	30
Vestmannaeyjar	7	8	6	7	4	5	9	10	7	8	71
Suðurland utanbæjar	189	220	184	187	201	108	138	127	215	186	1755
Suðurland samtals	232	256	218	222	238	148	177	172	263	221	2147


Slasaðir og látnir eftir árum



2.3 Slasaðir og látnir á hverja 10.000 íbúa 2024

	Látnir 2024	Alvarlega slasaðir 2024	Lítið slasaðir 2024	Slasaðir og látnir samtals	Látnir á hverja 10.000 íbúa 2024	Alvarlega slasaðir á hverja 10.000 íbúa 2024	Lítið slasaðir á hverja 10.000 íbúa 2024	Látnir og slasaðir samtals á hverja 10.000 íbúa 2024
Höfuðborgarsvæðið	3	82	554	639	0,1	3,4	22,7	26,2
Suðurnes	2	11	87	100	0,6	3,6	28,1	32,3
Vesturland	2	14	111	127	1,1	8,0	63,7	72,9
Vestfirðir	0	6	26	32	0,0	8,4	36,3	44,6
Norðurland vestra	1	15	57	73	1,2	17,7	67,4	86,3
Norðurland eystra	2	34	115	151	0,7	11,2	37,9	49,7
Austurland	0	7	31	38	0,0	6,0	26,5	32,5
Suðurland	3	59	159	221	0,9	17,6	47,5	66,0
Samtals	13	228	1140	1381	0,3	5,9	29,7	36,0

Fjöldi slasaðra og látinna á hverja 10.000 íbúa 2024




3 Vegir og götur

3.1 Hættulegustu gatnamót í þéttbýli

3.1.1 Gatnamót í þéttbýli með flest slys og óhöpp 2020-2024

Þéttbýli	Gatnamót	Fjöldi slysa og óhappa 2020 - 2024
Reykjavík	Grensásvegur / Miklabraut	222
Hafnarfjörður	Flatahraun / Flatahraun / Flatahraun / Bæjarhraun	174
Reykjavík	Miklabraut / Kringlumýrarbraut	173
Hafnarfjörður	Reykjanesbraut / Reykjanesbraut / Reykjanesbraut / Lækjargata	137
Reykjavík	Háaleitisbraut / Miklabraut	117
Reykjavík	Njarðargata / Hringbraut	117
Reykjavík	Reykjanesbraut / Bústaðavegur	110
Reykjavík	Skeiðarvogur / (Hringtorg Suðurlandsbraut) / Fákafen / Suðurlandsbraut	104
Reykjavík	Kringlumýrarbraut / Suðurlandsbraut / Laugavegur	92
Hafnarfjörður	Reykjanesbraut / Reykjanesbraut / Reykjanesbraut / Fjarðarhraun	82
Kópavogur	Nýbýlavegur / Skemmuvegur - Svört gata / Dalvegur / Nýbýlavegur	80
Reykjavík	Sæbraut / Kleppsmýrarvegur / Skeiðarvogur	78
Reykjavík	Kringlumýrarbraut / Listabraut	77
Reykjavík	Bæjarháls / Höfðabakki / Straumur	76
Garðabær	Hafnarfjarðarvegur(Olís) / Vífilstaðavegur	76
Reykjavík	Lambhagavegur / Vesturlandsvegur	76
Reykjavík	Háaleitisbraut / Kringlumýrarbraut	72
Reykjavík	Suðurgata / Melatorg / Hringbraut	72
Garðabær	Hafnarfjarðarvegur / Reykjavíkurvegur / Fjarðarhraun / Álfanesvegur	68
Reykjavík	Langahlíð / Miklabraut / Miklabraut-Húsagata	66


Fjöldi slysa og óhappa 2020 - 2024




3.1.2 Gatnamót í þéttbýli með flest slys með meiðslum 2020-2024

Þéttbýli	Gatnamót	Fjöldi slysa með meiðslum 2020 - 2024
Reykjavík	Miklabraut / Kringlumýrarbraut	22
Reykjavík	Grensásvegur / Miklabraut	19
Reykjavík	Reykjanesbraut / Bústaðavegur	14
Reykjavík	Kringlumýrarbraut / Suðurlandsbraut / Laugavegur	12
Kópavogur	Nýbýlavegur / Skemmuvegur - Svört gata / Dalvegur / Nýbýlavegur	10
Garðabær	Reykjanesbraut / Álfanesvegur	10
Hafnarfjörður	Reykjanesbraut / Fjarðarhraun	10
Reykjavík	Kringlumýrarbraut / Listabraut	10
Reykjavík	Sæbraut / Kleppsmýrarvegur / Skeiðarvogur	10
Reykjavík	Grensásvegur / Engjavegur / Suðurlandsbraut	9
Reykjavík	Njarðargata / Hringbraut	9
Reykjavík	Höfðabakki / Gullinbrú / Stórhöfði	8
Reykjavík	Grensásvegur / Skeifan / Fellsmúli	8
Garðabær	Hafnarfjarðarvegur / Reykjavíkurvegur / Fjarðarhraun / Álfanesvegur	8
Garðabær	Hafnarfjarðarvegur(Ólis) / Vífilstaðavegur	7
Akureyri	Þingvallastræti / Dalsbraut	7
Akureyri	Borgarbraut / Dalsbraut / Borgarbraut	7
Akureyri	Glerárgata / Strandgata	7
Reykjavík	Seljaskógar / Stöng / Breiðholtsbraut	7
Reykjavík	Breiðholtsbraut / Vatnsendahvarf	6

Fjöldi slysa með meiðslum 2020 - 2024



*Gatnamót í þéttbýli með flest
slys með meiðslum 2020-2024
– 20 verstu gatnamótin –*



3.2 Hættulegustu veghlutar í dreifbýli m.v. lengd

3.2.1 Veghlutar í dreifbýli með flest slys og óhöpp m.v. lengd 2020–2024

Vegnr.	Vegur	Fjöldi slysa og óhappa	Lengd vegkafila (km)	Fjöldi slysa og óhappa á hvern km
1-d8	Hringvegur (Þorlákshafnarvegur (38-01) - Þrengslavegur (39-01), brú)	209	16,61	12,6
41-22	Reykjanesbraut (Garðskagavegur (45-00) - Flugstöð, Kriuvöllur)	16	1,42	11,3
1-d6	Hringvegur (Biskupstungnabraut (35-01) - Þorlákshafnarvegur (38-01))	111	10,33	10,7
1-f7	Hringvegur (Hvalfjarðarvegur (47-01) - Hvalfjarðargöng, syðri endi)	10	0,94	10,6
41-17	Reykjanesbraut (Brú yfir Grindavíkurveg - Brú yfir Njarðvíkurveg)	48	4,66	10,3
41-15	Reykjanesbraut (Brú yfir Fjarðarbraut - Brú yfir Vatnsleysustrandarveg)	131	13,26	9,9
41-16	Reykjanesbraut (Brú yfir Vatnsleysustrandarveg - Brú yfir Grindavíkurveg)	114	11,62	9,8
1-d9	Hringvegur (Þrengslavegur (39-01), brú - Bolaöldur)	46	4,7	9,8
1-f8	Hringvegur (Hvalfjarðargöng, syðri endi - Hvalfjarðargöng, nyrðri endi)	46	5,76	8,0
1-e1	Hringvegur (Bolaöldur - Nesjavallaleið (435-00))	76	9,57	7,9
1-f5	Hringvegur (Þingvallavegur (36-12) - Brautarholtsvegur (458-01))	92	11,97	7,7
410-02	Ellilðavatnsvegur (Vífilsstaðavegur - Kaldárselsvegur)	32	4,35	7,4
1-f6	Hringvegur (Brautarholtsvegur (458-01) - Hvalfjarðarvegur (47-01))	26	3,58	7,3
1-e2	Hringvegur (Nesjavallaleið (435-00) - Breiðholtsbraut (413-01))	23	3,46	6,6
1-d5	Hringvegur (Selfoss, Eyrarbakkevegur (34-01) - Biskupstungnabraut (35-01))	11	2,01	5,5
1-p5	Hringvegur (Ólafsfjarðarvegur (82-01) - Dagverðareyrarvegur (816-01))	14	2,99	4,7
1-g4	Hringvegur (Hafnarvegur (5087-01) - Borgarfjarðarbraut (50-01))	39	8,41	4,6
43-01	Grindavíkurvegur (Reykjanesbraut (41-17) - Grindavík, Gerðavellir)	55	13,38	4,1
1-d1	Hringvegur (Sýslumörk, Þjórsá - Skeiðavegur (30-01))	13	3,18	4,1
1-g3	Hringvegur (Hvalfjarðarvegur (47-12) - Hafnarvegur (5087-01))	47	11,64	4,0

Aðeins eru skoðaðir staðir þar sem fjöldi slysa og óhappa var 10 eða meiri

3.2.2 Veghlutar í dreifbýli með flest slys með meiðslum m.v. lengd 2020-2024

Vegnr.	Vegur	Fjöldi slysa með meiðslum	Lengd vegkafla (km)	Fjöldi slysa með meiðslum á hvern km
41-17	Reykjanesbraut (Brú yfir Grindavíkurveg - Brú yfir Njarðvíkurveg)	16	4,66	3,4
1-d6	Hringvegur (Biskupstungnabraut (35-01) - Þorlákshafnarvegur (38-01))	33	10,33	3,2
41-16	Reykjanesbraut (Brú yfir Vatnsleysustrandarveg - Brú yfir Grindavíkurveg)	34	11,62	2,9
1-f6	Hringvegur (Brautarholtsvegur (458-01) - Hvalfjarðarvegur (47-01))	9	3,58	2,5
41-15	Reykjanesbraut (Brú yfir Fjarðarbraut - Brú yfir Vatnsleysustrandarveg)	30	13,26	2,3
410-02	Ellidavatnsvegur (Vífilsstaðavegur - Kaldárselsvegur)	9	4,35	2,1
1-f5	Hringvegur (Þingvallavegur (36-12) - Brautarholtsvegur (458-01))	24	11,97	2,0
1-d9	Hringvegur (Þrengslavegur (39-01), brú - Bolaöldur)	9	4,7	1,9
1-f8	Hringvegur (Hvalfjarðargöng, syðri endi - Hvalfjarðargöng, nyrðri endi)	11	5,76	1,9
1-d8	Hringvegur (Þorlákshafnarvegur (38-01) - Þrengslavegur (39-01), brú)	31	16,61	1,9
1-e1	Hringvegur (Bolaöldur - Nesjavallaleið (435-00))	17	9,57	1,8
1-e2	Hringvegur (Nesjavallaleið (435-00) - Breiðholtsbraut (413-01))	6	3,46	1,7
1-g3	Hringvegur (Hvalfjarðarvegur (47-12) - Hafnarvegur (5087-01))	20	11,64	1,7
429-02	Sandgerðisvegur (Miðnesheiðarvegur (423-01) - Garðskagavegur (45-05), Suðurgata)	7	4,32	1,6
1-g4	Hringvegur (Hafnarvegur (5087-01) - Borgarfjarðarbraut (50-01))	12	8,41	1,4
1-h4	Hringvegur (Norðurá við Fornahvamm - Sýslumörk (skilti))	14	11,07	1,3
36-12	Þingvallavegur (Skeggjastaðir - Hringvegur (1-f5))	9	7,17	1,3
43-01	Grindavíkurvegur (Reykjanesbraut (41-17) - Grindavík, Gerðavellir)	16	13,38	1,2
1-g1	Hringvegur (Akrafjallsvegur (51-01) við Innrihólm - Akrafjallsvegur (51-02) við Urriðaa)	13	10,93	1,2
1-b4	Hringvegur (Vík, Mýrarvegur, skurður t.v. - Dyrhólavegur (218-01))	14	12,13	1,2

Aðeins eru skoðaðir staðir þar sem fjöldi slysa með meiðslum var 5 eða meiri

*Veghlutar í dreifbýli með flest slys með meiðslum
m.v. lengd 2020-2024
– 10 verstu vegkaflarnir –*



3.3 Hættulegustu veghlutar í dreifbýli m.v. ekna kílómetra
